

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hjartavernd Hjartavernd



Dags eftirlits	24.9.2015	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Hjartavernd	Fulltrúi UST	
Heimili	Holtasmára 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600705-0590	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Alda Margrét Hauksdóttir	ÍSAT nr.	86903
Fulltrúi fyrirtækis	Ingunn Þorsteinsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni og engar athugasemdir voru gerðar.

Rannsóknarvinna með Epstein Barr veirurnar er starfsleyfi Hjartaverndar gildir um hefur legið niðri síðan 2006, eða í ný á. Ekki er fyrir séð að starfsemi hefjist að nýju en veirurnar eru geymdar í fljótandi köfnunarefni. Eftirlitið var það fyrsta síðan starfsleyfi Hjartaverndar tók gildi árið 2013.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsferð hófst á fundi með fulltrúum Hjartaverndar þar sem farið var yfir starfsleyfi Hjartaverndar með Epstein Barr veirur. Eftirlitsmaður lagði áherslu á mengunarvarnir, skráningu og skýrsluskil og afmörkunar- og öryggisráðstafanir og fengust skilmerkilegar upplýsingar um öll atriði er spurt var um. Eftirlitsmaður fór svo í skoðunarferð um vinnusvæðið ásamt fulltrúum Hjartaverndar.

Eins og áður segir liggur starfsemi Hjartaverndar með Epstein Barr veirur niðri. Veirurnar eru geymdar í fljótandi köfnunarefni ef ske kynni að starfsemi yrði fram haldið síðar. Geymslutankarnir eru merktir með kóða sem starfsmenn þekkja. Aðgangur að geymslusvæðinu er takmarkaður við starfsmenn Hjartaverndar og þarf bæði kort og kóða til að komast inn á svæðið.

Mörg ákvæði í starfsleyfi eiga ekki við þar sem starfsemin liggur niðri. Mengunarvarnir vegna vinnu með erfðabreyttar veirur eru flestar óvirkar í ljósi aðstæðna, t.d. skráningu og meðhöndlun úrgangs og spilliefna og afmörkunarráðstafanir. Aðstaðan og fyrrum vinnslusvæðið tekur þó mið af því að önnur rannsóknarvinna er í gangi í húsnæði Hjartaverndar og því öll helstu skilyrði uppfyllt þrátt fyrir rekstrarstöðvun með Epstein Barr veirur. Þannig eru afmörkunarráðstafanir í starfsleyfi í raun uppfylltar og öryggisblöð aðgengileg. Innra eftirlit rekstraraðila vegna vinnu með erfðabreyttar veirur er að stóru leyti óvirkt. Ýmsum ákvæðum er þó fullnægt vegna annarrar starfsemi í húsnæðinu, s.s. þvottaaðstöðu og aðgengi að hlífðarbúnaði. Vinnudagbækur eru geymdar í skjalageymslu Hjartaverndar.

Öllum gögnum og áætlunum er tilgreind eru í starfsleyfi hefur verið skilað. Neyðaráætlun þyrfti að uppfæra og gera ítarlegri ef til starfsemi með Epstein Barr veirur kæmi á ný.

ANNAÐ

Fram kom í eftirlitinu að núverandi starfsfólk Hjartaverndar yrði að afla sér ákveðinnar endurmenntunar ef vinna með Epstein Barr veirur hæfist á ný. Hjartavernd mun tilkynna Umhverfisstofnun um endurgangsetningu rekstrar ef og þegar að henni kemur, skv. ákvæði 1.6 í starfsleyfi. Hjartavernd mun einnig tilkynna Umhverfisstofnun um stöðvun rekstrar skv. áætlun um rekstrarstöðvun og ákvæði 1.5 í starfsleyfi. Endurskoða skal starfsleyfi Hjartaverndar árið 2017.

Reykjavík, 28.09.2015

Hrönn G. Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.